



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 15. júlí 2026

SFS26060183

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar og Vinstreisins um kostnað við innleiðingu símafrís í grunnskóla

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 22. júní 2026, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Samfylkingarinnar og Vinstreisins:

Huga þarf að ýmsum þáttum vegna innleiðingar símafrís, þar með talið geymslurými fyrir síma og tíma skólstarfsfólks vegna utanumhalds. Hver er áætlaður kostnaður við innleiðingar símafrís í alla grunnskóla Reykjavíkur haustið 2026?

Svar:

Það er mat Reykjavíkurborgar að gera megi ráð fyrir að verulegur kostnaður geti fylgt því fyrir einstaka skóla að koma upp fullnægjandi aðstöðu fyrir geymslu tækja. Þar getur meðal annars verið um að ræða kostnað vegna skápa, hólfa, geymslukassa, eftirlits og verklags. Miðað við upplýsingar sem komu fram á kynningarfundi mennta- og barnamálaráðuneytisins og upplýsinga sem koma fram á heimsíðum erlendra birgja má gera ráð fyrir að innkaupsverð á skápum fyrir t.d. 7000 farsíma sé á bilinu 25 til 50 milljónir króna. Síðan má gera ráð fyrir um 25 milljónum króna fyrir aðstöðu og uppsetningu skápa. Heildarverkefnið gæti því kostað allt að 75 milljónir króna.



Reykjavík